

Ed.

848. Nefndarálit

um frumvarp til laga um samþykkt á landsreikningnum fyrir árin 1908 og 1909.

Við frumvarp þetta eins og það kom frá stjórninni, var það meðal annars athugavert að námsstyrkur við prestaskólann, greiddur af landssjóði 1909, var talinn 600 krónum of hár. Úr þessu hefir hin háttv. neðri deild bætt, með því að færa gjöldin á reikningnum niður um þessar 600 krónur, en ef vangá hefir niðurfærslan lent á gjaldalið 6 A. í staðinn fyrir gjaldalið 6. B.

Vér leggjum það því til að þetta sé lagað með því:

1. að í stað við gjöld 6 A. »44.686,40« komi: 45.286,40.
2. að í stað við gjöld 6 B. »343.285,81« komi: 342.685,81.

Að öðru leyti höfum við ekkert að athuga við frumvarpið eins og það liggur fyrir.

Alþingi, 2. maí 1911.

Lárus H. Bjarnason,
formaður.

Eiríkur Briem,
skrifari og framsögum.

Kristinn Danielsson.